

**LÖG****um niðurfellingu laga nr. 54 frá 29. maí 1981, um Landkaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Lög nr. 54 frá 29. maí 1981, um Landkaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna, falla úr gildi. Jafnframt skal Lánasjóður sveitarfélaga skv. lögum nr. 35 frá 29. apríl 1966 yfirtaka eignir og skuldir Landkaupasjóðs og það hlutverk sem sá sjóður hafði samkvæmt lögum nr. 54/1981.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar árið 1988.

*Gjört í Reykjavík, 19. mars 1987.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**  
(L. S.)

---

*Alexander Stefánsson.*

**AUGLÝSING****um breyting á forsetaúrskurði nr. 94 16. október 1985,  
samanber breyting á forsetaúrskurði nr. 2 frá 24. janúar 1986,  
um skipun og skipting starfa ráðherra.**

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra er hér með gerð sú breyting á forsetaúrskurði nr. 94 frá 16. október 1985, samanber breyting á forsetaúrskurði nr. 2 frá 24. janúar 1986, um skipun og skipting starfa ráðherra að Þorsteinn Pálsson, fjármálaráðherra fer með ráðherrastörf þau, sem Albert Guðmundssyni voru falin í nefndum ráðherraúrskurði.

Þetta birtist hér með þeim, sem hlut eiga að máli.

*Forsætisráðuneytinu, 24. mars 1987.*

**Steingrímur Hermannsson.**

---

*Guðmundur Benediktsson.*